

Nr. 104 / 16 Knolli BA 8***Farþegi slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1893
Útgerð: Jón Ingibergur Bergsveinsson
Smíðaður: Hafnarfirði 1988, stál
Stærð: 11,4 brl. 21,2 bt.
Mesta lengd: 13,49 m Skráð lengd: 13,4 m
Breidd: 3,8 m Dýpt: 1,9 m
Vél: Volvo Penta 175 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 3
Fjöldi farþega: 1 ?



Knolli BA ©Bjarni Guðmundsson

Gögn:
Gögn RNSA
Lögregluskýsla

Málið afgreitt á fundi 18. ágúst 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. desember 2016 var Knolli GK 3 á skelfiskveiðum út af Rauðanesi í Borgarfirði. Veður NA 2-3 m/s.

Þegar skipverjar voru að draga plóginn upp kastaðist hann mikið til vegna sjógangs. Farþegi í ferðinni sem stóð í skut bátsins lenti með fingur á milli plógs og lunningar með þeim afleiðingum að hann missti framan af þumalfingri.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.